

AUGLÝSING

81

3. júní

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkarkauptún, nr. 121

7. desember 1935.

Í 37. gr. 1. mgr. falli niður orðin: „eða 15 krónur í eitt skipti fyrir öll á ári“.

2. mgr. 37. gr. orðist svo:

Vélbátar með þilfari, sem eiga heima á staðnum, greiði 100 krónur árlegt gjald. Opnir vélbátar 50 krónur. Róðrabátar 5 krónur. Undanþegnir þessu eru þeir bátar, sem aðeins eru hafðir í ferðir til heimilisþarfa.

Reglugerðarbreyting þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 38 19. júní 1933, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júní 1942.

Magnús Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Heiðursverðlaunasjóð Búnaðar- 82
félags Íslands“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráð- 8. júní
herra 8. júní 1942.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Heiðursverðlaunasjóð Búnaðarfélags Íslands.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður samkvæmt ákvörðun búnaðarþings árið 1941.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru sjóðsleifar Búnaðarfélags Suðuramtsins, eins og þær voru í ársbyrjun 1942, eða kr. 22705.56 — tuttugu og tvö þúsund sjö hundruð og fimm krónur og 56/100.

Búnaðarfélag Íslands leggur sjóðnum árlega næstu 20 ár, minnst kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur —, sem varið sé til verðlaunaveitinga. Ágóði af útdregnum vaxtabréfum og 1/3 hluti vaxtatekna skal ávallt leggjast við höfuðstólinn. Þann höfuðstól má aldrei skerða.

3. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands varðveitir eignir sjóðsins. Skal ávaxta eignir hans á þann hátt, að láta þær á vöxtu í ríkistryggðum bankavaxtabréfum, svo sem jarðræktarbréfum, nýbýlabréfum eða öðrum slíkum, að svo miklu leyti sem stofnfé sjóðsins er ekki nú í öðrum eignum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna frábær afrek í þágu landbúnaðarins, hvort heldur sem er á sviði jarðræktar, búfjárræktar eða nýjar uppgötvanir á vélum, verk-

82 færum eða vinnuaðferðum, sem léttu vinnu við landbúnaðarframleiðsluna. Í fyrir-
8. júní rúmi skal sitja að verðlauna bændur, sem með löngu ævistarfi hafa verið frábærir
brautryðjendur, varðandi einhverja þætti íslensks landbúnaðar.

5. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands hefur ein tillögurétt um verðlaunaveitingar úr sjóðnum. Skulu tillögurnar lagðar fyrir búnaðarþing, sem samþykkir þær eða hafnar þeim. Stjórn búnaðarfélagsins er skylt að afla sér sem beztra upplýsinga um hæfni þeirra manna, sem hún gerir tillögur um að verðlaun fái. Skulu allar athuganir og skýrslur þar um leggjast fyrir búnaðarþing, ásamt tillögum stjórnarinnar. Skylt er að fá umsögn þess búnaðarsambands, þar sem viðkomandi er búsettur.

Verðlaunaveitingar úr sjóðnum skulu ekki auglýstar til umsóknar, og eru þeir, sem sjálfir sækja, á engan hátt réttþærri, til þess að hljóta verðlaun, en aðrir.

6. gr.

Aldrei skulu veitt lægri verðlaun en 1500 krónur. Hverri verðlaunaupphæð skal fylgja skrautritað ávarp. — Nú eru verðlaun ekki veitt eitt ár eða fleiri og skal þá geyma það fé, sem heimilt er að verja til verðlauna, þar til næst að verðlaunaúthlutun fer fram.

7. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands annast stjórn sjóðsins. Skal hún láta færa bók yfir eignir sjóðsins svo og ársreikning hans, er endurskoðist með reikningum Búnaðarfélags Íslands. Þar skal og færa skýrslur um allar verðlaunaveitingar úr sjóðnum og annað, er varðar starfrækslu hans.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt á búnaðarþingi, enda samþykki þeir fjórðu allra búnaðarþingsmanna breytingarnar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

83

11. júní

BYGGINGASAMÞYKKT

fyrir Selfoskaupþún.

I. KAFLI

Verksvið samþykktar og stjórn byggingarmála.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Selfoskaupþún innan þess svæðis, er skipulagsuppdráttur nær yfir. Þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar, þegar byggingarnefnd og hreppsnefnd mæla með því.

2. gr.

Samþykktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar, þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafizt breytinga á því, sem þegar hefur verið gert. Enn fremur nær samþykktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.